

Um það sem ekki stendur skrifað

Orkumálin í brennidepli

Kári skrifar

14. nóvember 2023

Réttlætisgyðjan



Inngangur

Gjá er á milli þings og þjóðar á Íslandi. Gjáin hefur bæði dýpkað og gleiknað með árunum. Það sést á mörgum málum þar sem Alþingi fer sínu fram þvert á vilja þjóðarinnar. En það er ekki einvörðungu gjá á milli þings og þjóðar, það er einnig djúp gjá á milli dómstóla og þjóðar að ekki sé talað um framkvæmdavaldið. Það lýsir sér þannig að réttarvitund almennings er oft stórlega misboðið með vafasömum og oft illa rökstuddum dómum. Þetta er ekki einskorðað við Ísland. Víða má finna skýr dæmi þess að dómstólar fylgi ríkisvaldinu að málum eða sterku peningavaldi. Jón Steinar Gunnlaugsson lýsti ástandinu innan Hæstaréttar Íslands eftir veru sína þar. Honum var í upphafi tjáð, af hálfu dómara við réttinn, að þar ríkti „fjölskyldustemming“. Það merkti að dómamarar skipuðu sér í lið og var ætlað að styðja hvorn annan á víxl í niðurstöðum dómsmála. Með öðrum orðum, niðurstaða í dómsmálum réðist ekki ævinlega af málsástæðum og lagarökum heldur því hver studdi hvern innan réttarins.

Gjá á milli dómstóla og þjóða

Þann 31. október síðastliðinn féll dómur í Hæstarétti Noregs í máli sem samtökin Nei til EU höfðu til þess að fá úr því skorið hvort þurft hefði aukinn meirihluta (3/4) fyrir innleiðingu orkupakka þrjú, samkvæmt 115. gr. norsku stjórnarskrárinnar. Ef fullveldisafsal telst „meiriháttar“ þarf aukinn meirihluta í norska Stórþinginu. Sé fullveldisafsalið „minniháttar“ nægir einfaldur meirihluti. Það var viðbúið að innan norska Hæstaréttarins ríkti „fjölskyldustemning“ eins og í þeim íslenska. Niðurstaðan kemur því varla á óvart. Eftir stendur hins vegar að fullyrðing í dóminum, þess efnis að norsk stjórnvöld hafi áfram tögl og haldir í orkumálum er algerlega röng. Þar er áberandi áþekk tvíhyggja og ríkir á Íslandi meðal stjórnámálanna og hagsmunaaðila. Norski Hæstiréttur treystir sér ekki til þess að „rugga bátnum“ enda liggja þar undir sæstrengir til annara Evrópuríkja og miklir fjárhagslegir hagsmunir. Það er langlíklegast, þótt ekki verði sönnur á það færðar í eitt skipti fyrir öll, að niðurstaðan hafi verið fengin fyrirfram og síðan þrjónaður „dómur“ utan um hana. Það er vel þekkt aðferð t.d. á Íslandi.

Dómur Hæstaréttar Noregs

Það er nauðsynlegt að reifa í stuttu máli áður nefndan dóm Hæstaréttar Noregs í samhengi við fyrri ACER-reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins, nr. 713/2009 sem og hina síðari nr. 2019/942.

- Viðfangsefni: Dómur frá Hæstarétti Noregs, dagsettur 31. október 2023. Málsnúmer 23-025348SIV-HRET
- Málsaðilar: „Nei til EU“ (Nei við ESB), í forsvari var lögmaðurinn Kjell Magnus Brygfjeld; og norska ríkið, Fredrik Sejersted og Lisa-Mari Moen Jünge, í forsvari fyrir Utanríkisráðuneytið.
- Forsaga máls: Málið snýst um það hvort reglur stjórnarskrárinnar hafi verið brotnar þegar norska Stórþingið árið 2018 samþykkti að þriðji orku- markaðspakki ESB yrði tekinn inn í EES-samninginn og yrði þar með bindandi fyrir Noreg. Stofnun orkustofnunar ESB, ACER, er hluti af þessum pakka.

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Stjórnskipuleg málsmeðferð: Samþykki var gefið samkvæmt 2. mgr. 26. gr. norsku stjórnarskrárinnar, sem kveður á um einfaldan meirihluta. Þeirri málsmeðferð má fylgja við framsal valds til alþjóðlegrar stofnunar þegar framsalið telst „lítið“.
- Lagalegt álitaefni: Hvort innleiðing þriðja orkumarkaðspakkans feli í sér svo afdrifaríkt framsal valds [fullveldis] að ekki sé hægt að taka ákvörðun samkvæmt 26. gr.
- Framsal valds: Framsal valds [fullveldis] merkir yfirleitt að alþjóðastofnun fái heimild til að taka ákvarðanir sem eru beint bindandi fyrir íbúa og fyrirtæki í Noregi [gildir almennt] án þess að þörf sé á sérstökum innleiðingarákvörðunum norskra stjórnvalda [yfirþjóðlegt vald].
- Áfrýjun: Málið er áfrýjun á dómi Lögmannsréttar Borgarþings Noregs frá 7. desember 2022.

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Í 10. mgr. dómsins segir efnislega að raforkumarkaður ESB sé, auk almennra ákvæða um frjálsa vöruflutninga, stjórnað af alhliða reglugerðum. Fyrsti orkumarkaðspakkinn var samþykktur í ESB á seinni hluta tíunda áratugarins og sá síðari árið 2003. Reglurnar í þessum pakka voru felldar inn í EES-samninginn. Síðan segir að þar sem Noregur hafði þegar opnað fyrir samkeppni á orkumarkaði með orkulögum frá 1990, hafi fyrstu tveir pakkarnir ekki mikla hagnýta þýðingu. Í seinni pakkanum var engu að síður komið á viðtækum skuldbindingum samkvæmt þjóðarrétti. Þessum pakka var síðar skipt út fyrir þriðja orkumarkaðspakkann, sem deilt er um.
- Þarna er farið býsna frjállega með staðreyndir. Reynt er að draga úr þeim áhrifum sem fyrstu orkupakkarnir höfðu í för með sér. Notað er sem afsökun að orkumarkaður í Noregi hafi þá þegar verið opinn fyrir „samkeppni“ á raforkumarkaði og því ekki um mikla breytingu að ræða. Þetta eru dæmigerð falsrök. Þó er viðurkennt í hinu orðinu að um sé að ræða viðtækar skuldbindingar vegna orkupakka tvö.

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Það er rangt þegar gefið er í skyn að grundvallarbreytingar séu nánast smávægilegar formbreytingar. Það er t.a.m. stór ákvörðun að skipta upp framleiðslu og dreifingu á raforku.
- Einnig er rangt að láta að því liggja að enginn munur sé á því hvort markaðsvæðing er á forsendum viðkomandi ríkis [Ísland, Noregur] eða hvort hún er á forsendum erlends ríkjasambands eins og á við í tilviki Evrópusambandsins. Á þessu tvennu er alger grundvallarmunur. Innlend stjórnvöld starfa, að minnsta kosti að nafninu til, í umboði kjósenda þess ríkis sem á í hlut. Innri orkumarkaður ESB er all önnur skepna. Yfir honum er miðlæg orkustofnun Evrópu, ACER, sem hefur umtalsverð völd. Hvar vald liggur skiptir að sjálfsögðu mjög miklu máli.

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Í 11. mgr. er enn haldið áfram að afvegaleiða fólk. Þar segir efnislega að þriðji orkupakkinn sé að mestu áframhald þess sem áður var gildandi réttur, en hafi einnig að geyma nokkrar lykilbreytingar.
- Gefið er í skyn að innleiðing orkupakka þrjú skipti nánast engu máli þar sem hliðstæð lög hafi þegar verið í gildi í Noregi. Enn og aftur, það skiptir mjög miklu máli hvar löggjöf er upprunnin! Hvort þjóðþing Noregs/Íslands á í hlut eða stofnanir ESB er alls ekki sami hlutur. Lög-gjafarvaldið á Íslandi er í höndum Alþingis samkvæmt stjórnarskránni.
- Viðurkennt er í 13. mgr. dómsins að **megintilgangur orkupakka þrjú sé að auðvelda flutning raforku og jarðgass yfir landamæri.** Í dóminum er raforkumarkaðurinn í brennidepli.

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Rísi ágreiningur á milli landsreglara (eftirlitsyfirvalda), t.d. vegna reksturs strengja á milli ríkja, getur ACER skorist í leikinn sbr. 8. gr. ACER-reglugerðarinnar (fyrr). Hve langt ákvörðunarvaldið nær er aðalatriði málsins. Landsreglara (eftirlitsyfirvaldinu) er skylt að hlíta og framkvæma slíkar lagalega bindandi ákvarðanir frá ACER [Sbr. 16. mgr. dómsins].
- Umrædd 8. gr. ACER-reglugerðarinnar hljóðar svo: „Stofnunin skal hafa eftirlit með innri mörkuðum fyrir raforku og jarðgas, í samvinnu við framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og viðkomandi landsreglara, og upplýsa Evrópuþingið, framkvæmdastjórnina og innlend yfirvöld um niðurstöður sínar þar sem við á. Þessi eftirlitsverkefni stofnunarinnar [ACER] ættu ekki að valda endurtekningu eða hindra eftirlit framkvæmdastjórnarinnar eða innlendra yfirvalda, einkum innlendra samkeppnisyfirvalda.“

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Í Noregi var embætti landsreglara stofnað sem sjálfstæð deild í norsku vatns- og orkumálastofnuninni (NVE) - sem er eftirlitsstofnun á sviði orkumála (RME).
- Þann 27. apríl 2018 tilkynnti Noregur EES-nefndinni að stjórnarskrár-bundin krafa væri uppfyllt. Nauðsynlegar lagabreytingar voru samþykktar 25. maí 2018. Eftir að Alþingi Íslendinga hafði einnig samþykkt, tók ákvörðun EES-nefndarinnar um að fella löggæringana inn í EES-samninginn gildi þann 3. október 2019. Þriðji orkumarkaðspakki ESB varð þar með bindandi skv alþjóðalögum fyrir Noreg. [24. mgr.]
- Málsaðilar eru sammála um það að orkumarkaðspakinn feli í sér tvenns konar framsal valds:

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Fyrra atriðið snertir framsal valds til ESA til að taka ákvarðanir um tillögu frá ACER í þeim tilvikum þar sem ACER hefur vald innan ESB. Slíkum ákvörðunum verður beint að RME, sem tekur bindandi ákvarðanir gagnvart norskum fyrirtækjum - fyrst og fremst **Statnett**. Ríkisfyrirtækið Statnett á og ber kerfisábyrgð á öllum rafstrengjum til og frá útlöndum og verður tryggja að raforkukerfi landsmanna sé í jafnvægi á hverjum tíma. [28. mgr.]
- Síðara atriðið snýst um framsal heimildar til ESA til að krefjast viðeigandi upplýsinga beint frá norskum orkufyrirtækjum og beita sektum ef ekki er farið að fyrirmælum um að veita upplýsingar. [29. mgr.]

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Nei til EU taldi að Hæstarétti bæri að skoða öll gögn, og lágu fyrir þegar ákvörðun þingsins var tekin, þegar mat væri lagt á framsal valds. Þar ætti einnig að skoða fjórar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar sem samþykktar voru af ESB á árunum 2015-2017 og sem Stórþingið samþykkti árið 2021 að yrðu hluti af EES-samningnum. Þá bæri einnig að leggja til grundvallar tillöguna um fjórða orkumarkaðspakka ESB og stefnu ESB frá 2015 um að þróa „orkubandalag“. Einnig bæri að skoða síðari framkvæmd af hálfu ACER, ESA, RME og Evrópudómstólsins. [52. mgr.]
- Þegar metið er hvort afsal valds sé meira en „lítið inngripandi“ þarf að skýra eðli valdframsals og taka þarf tillit til þeirra félagslegu áhrifa - lagalegra og raunverulegra - sem framsal valds [fullveldis] mun hafa.

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Í 7., 8. og 9. gr. ACER reglugerðarinnar, og reglugerðinni um viðskipti yfir landamæri [Council Regulation (EC) No 714/2009], er ACER veitt heimild til að setja reglur um mikilvæga þætti í rekstri fjölþjóðlegra raforkuneta. Sérstaklega er 8. gr. víðtæk eins og fjórar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar frá 2015 til 2017 sýna. Það snýst um vald til að ákveða miklu meira en tæknilegar og faglegar spurningar. ACER getur tekið ákvarðanir sem geta haft áhrif á orkuástandið og raforkuverðið í Noregi. Eftir EES-aðlögun er þessari heimild beitt gagnvart Noregi í gegnum ESA, sem að tillögu ACER beinir fyrir mælum til RME. Þar sem RME er ekki hægt að leiðbeina eða stjórna af norskum yfirvöldum, verður RME að teljast ESB/EES stofnun. Raunin er því sú að ACER í gegnum ESA og RME tekur ákvarðanir sem verða bindandi í Noregi. [55. mgr.]

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Samkvæmt 20. gr. reglugerðar um viðskipti yfir landamæri getur Framkvæmdastjórn ESB krafist upplýsinga frá orkufyrirtækjum, og samkvæmt 22. gr. **beitt háum sektum**, sé ekki farið að reglum. Með EES-aðlögunum hefur þessari heimild verið bætt við ESA sem tekur þannig ákvarðanir sem hafa bein áhrif á norsk fyrirtæki. Norskum fyrirtækjum er meinað að bera sektirnar undir norska dómstóla. [56. mgr.]
- Á báðum þessum sviðum eru norsk stjórnvöld beygð í duftið af ESB. [57. mgr.]
- Framboð á raforku er mikilvægt fyrir íbúa Noregs og fyrirtæki. Markmið orkustefnu ESB er sameiginlegur evrópskur orkumarkaður, þar sem orkan flæðir frjálsglega, og verðið er það sama hvar sem er. Í gegnum þriðja orkumarkaðspakkann hefur Noregur gengið að þessu. Það leiðir til herra raforkuverðs í Noregi, lakari samkeppnishæfni fyrir orkufrekan iðnað og veikari viðbúnaðar. Afsal valds er hluti af vandanum, og þegar á heildina er litið er valdaafsalið miklu meira en „lítið inngrípanði“. [58. mgr.]

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Atriði sem almennt eru talin einkenna fullveldi ríkja koma fram í 1. mgr. 26. gr. norsku stjórnarskrárinnar. Þar segir að Noregskonungur hafi rétt til þess að kalla saman hermenn, taka þátt í stríði til varnar ríkinu og semja frið, gera samninga og segja upp samningum, senda fulltrúa og taka á móti fulltrúum annara ríkja. Þá segir efnislega í 2. mgr. að mikilvægir samningar, og í öllum tilvikum sáttmálar sem þurfa lagalegt samþykki samkvæmt stjórnarskránni, verði ekki bindandi fyrir en Stórþingið hefur samþykkt þá.
- Ríkisstjórn Noregs þarf samþykki Stórþingsins fyrir sáttmálum (samningum) „sem hafa sérstaklega mikla þýðingu“ og þegar ný lög eða ákvörðun þingsins er nauðsynleg. [73. mgr.]

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Ákvæði 2. mgr. 26. mgr., hafa verið grundvöllur samþykkis fyrir öllum mikilvægum alþjóðasamningum sem Noregur hefur gert frá því að 115. gr. – þá 93. gr. – var samþykkt árið 1962, að tveimur undanskildum – ákvörðun EES-nefndarinnar um þátttöku í EES-samningnum árið 1992 og þátttaka í fjármálamarkaðseftirliti ESB árið 2016. Stórþingið hefur oft framselt vald [fullveldi] á grundvelli 2. mgr. 26. gr. – 22 sinnum vegna EES-samstarfsins. [80. mgr.]
- Spurningin um „uppsafnað fullveldisafsal“: Stórþinginu er **frjálst að meta** samhliða tilvik fullveldisafsals. Spurningin til Hæstaréttar er hvort Stórþinginu - og dómstólum ef til endurskoðunar dómstóla kemur - í mati á því hvort um „lítið inngríp“ er að ræða, **beri skylda til að gera það**. Þetta verður að ákveða á grundvelli túlkunar á 2. mgr 26. gr. stjórnarskrárinnar. [83. mgr.]

Það sem ekki stendur skrifað

Það er algeng aðferðafræði á Íslandi að skilgreina veruleikann út frá því sem stendur skrifað. Stuðningsmenn orkupakka þrjú vitnuðu til þess að „ekkert stæði“ um lagningu sæstrengs í gerðum ESB um orkupakkann eða skaðabótaskyldu íslenska ríkisins hyggðist það leggjast gegn lagningu strengs eftir samþykkt pakkans. Íslendingur hjá ESA endurómaði þetta nýlega í viðtali á RUV. Allt það tal er ekki einungis jarðsambandslaust og afvegaleiðandi heldur beinlínis rangt. Sama fólk er gersamlega ófært um að tengja orsakir við afleiðingar og virðist eiga í miklum vandræðum með að lesa sér til gagns [eftirleiðis nefnt „gelsg-fólkið“ - getur ekki lesið sér til gagns]. Sumir píratar segjast t.d. hafa lesið vel gerðir orkupakka þrjú en „skilningur“ þeirra á innihaldi hans er hins vegar afskaplega rýr. Það má t.d. marka af athugasemdum í athugasemdakerfum, m.a. á Facebook-síðu orkunnar okkar. Athugasemdirnar sýna vel lestur án skilnings.

Framsál ríkisvalds

Engum vafa er undirorpið að innleiðingu EES-samningsins fylgdi afsal hluta ríkisvalds. Óskorað fullveldi merkir að ríkisvaldið er allt innan ríkisins, þ.e. löggjafar- dóms og framkvæmdavald. En þegar menn gerðu sér ljóst að íslenska stjórnarskráin heimilar ekki framsal ríkisvalds var hugtökum og skilgreiningum breytt. Þá kom fram fyrirbærið „takmarkað og afmarkað fullveldisafsal“. Þessi skilgreining kom fram sem réttlætning þess að farið væri framhjá ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þegar ríki þarf að lúta valdi samkvæmt reglugerðum og tilskipunum erlends ríkjasambands er að sjálfsgöðu um framsal fullveldis að ræða. Samkvæmt speki „gelsg-fólksins“ er þetta allt „afturkræft“ bara með því að segja upp samningnum. Dæmin frá Bretlandi sýna þó og sanna að það er engan veginn auðvelt mál að losna úr klóm Evrópusambandsins. Sú reynsla á að vera mönnum vegvísir í EES-samstarfinu líka. Þótt það væri hið rétta að segja sig frá „einvöldunum“ í Brussel er það ekki mál sem hægt er að afgreiða „fyrir hádegi“. Það krefst undirbúnings, afnáms tilskipana og reglugerða, ásamt því að endursemjja, í tvíhliða viðræðum, um ýmsa málaflokka.

Framsál ríkisvalds framh.

„Það hefur lengst af verið talið einkenni fullvalda ríkis, að það væri einungis bundið við ákvarðanir eigin valdhafa, og að á yferráðasvæði þess yrði almennt ekki haldið uppi í framkvæmd eða beitt með valdi fyrirmælum eða úrskurðum annara en handhafa ríkisvaldsins, eða að minnsta kosti ekki án einhvers konar staðfestingar eða leyfis þeirra.“ [Ólafur Jóhannesson. 1962.] Rétt er að halda því aðskildu annars vegar hvernig EES-samningurinn virkar í raun og hins vegar uppsögn hans. Það eru algert skrum að segja sem svo að séu menn óánægðir með eitthvað í samningnum sé hægur vandi að segja honum upp. Með því er reynt að drepa málum á dreif. Ef bíll bilar er vafalaust hægt að selja hann. Það er þó ekki lausn á biluninni sem slíkri. Sú sýn „gelsg-fólksins“ að selja fjallkonuna í vændi, til Brussel, er ömurleg. Nóg er um „vændi“ á Alþingi þótt ekki sé reynt að þvinga fjallkonuna til þess að stunda það líka. Hún á betra skilið.

Framsál ríkisvalds framh.



„Rauða hverfi“ ESB



Fjallkonan?



Áhrif orkupakka þrjú



Áhrif orkupakka þrjú framh.

„Egls-g-fólkið“ veltir ekki fyrir sér afleiðingum hlutanna. Það þvælir um afnám „ríkiseinokunar“ á rafmagni en virðist ekki átta sig á hinu að með sömu „ríkiseinokun“ hefur rafmagnsverð á Íslandi lengi verði með því lægsta í Evrópu. Sama fólk slær ryki í augu sín og ímyndar sér að hægt sé að lækka verðið enn frekar. Það er þó almennt ekki reynslan þar sem framleiðsla (og dreifing) hefur verið markaðsvædd. Þar er nærtækt að vísa til Noregs en mætti einnig nefna fylki Bandaríkjanna, Bretland og ríki Eyjaálfu. Það er gegnum gangandi markmið í orkupökkum ESB að markaðsvæða raforkuframleiðslu. Markaðsvæðing merkir að þáttaka opinberra aðila á markaði sé takmörkuð sem mest. „Egls-g-fólkið“ verður að reyna að skilja að markaðsvæðing merkir fyrst og fremst leikvöll einkaaðila. Þrýstingurinn er allur í þá veru. „Egls-g-fólkið“ fálmar hins vegar út í loftið og nefnir til sögunnar opinber orkufyrirtæki í Evrópu sem aftur á að sýna að engin kvöð sé um einkavæðingu í orkupökkunum. Sá málflutningur nær ekki máli. Þetta gerist þannig að fyrst kemur krafa um markaðsvæðingu, sem er innbyggð í orkupakkana, sem síðan er mjög oft notuð sem ástæða þess að einkavæða ákveðinn rekstur.

Áhrif orkupakka þrjú framh.

En „egls-g-fólkið“ tengir þetta ekki saman, það sér ekkert sambandi á milli kvaða í t.d. orkupakka þrjú um markaðsvæðingu og hins að þar með séu opinber orkufyrirtæki strax komin í hættu þess að verða einkavædd. Sama fólk segist hafa lesið gerðir orkupakka þrjú [skilur þó ekki hvað í þeim felst] og kveðst ekki hafa séð þar neina kröfu um einkavæðingu! „Lagadeildar-dósent“ í hópi „egls-g-fólksins“ varð uppvís að sama dómgreindarleysinu. Ef fólk stundar glæfraakstur er ekkert í umferðarlögum sem segir að það geti kostað mannlíf. Hins vegar má telja það mjög líklega **afleiðingu** af slíku háttarlagi þótt það standi ekki berum orðum í lagatextanum. Markaðsvæðing [einkavæðing] orkufyrirtækja er andstæð hagsmunum almennings, enda fylgir henni mjög oft miklu hærra verð til neytenda og fyrirtækja, óþarfa milliliðir [„orkumiðlarar“] og aukin yfirbygging. En, enn og aftur, „egls-g-fólkið“ skilur þetta ekki, það lifir í eigin heimi, víðsfjarri jarðneskum veruleika. Það hlýtur að valda áhyggjum sumra hversu margir píratar og stuðningsmenn Vg eru í hópi „egls-g-fólksins“.

Áhrif orkupakka þrjú framh.



Nokkur einkenni á orkustefnu ESB

- Evrópusambandið (ESB) hefur lengi verið lykilaðili í alþjóðlegri loftslags- og orkustjórnun (CEG) og gegnt lykilhlutverki við samþykkt stórra fjölþjóðlegra loftslagssamninga[Siddi and Kustova 2021].
- Hlutverk ESB í loftslags- og orkustefnu hefur vakið áhuga fræðimanna, sérstaklega hvað snertir vaxandi þátt þess í alþjóðlegum loftslagsmálum[Siddi and Kustova 2021].
- Sambandið hefur að mestu yfirgefið frjálslynda nálgun í ytri orkustefnu og er **best lýst sem stefnumótandi aðila**.
- ESB hóf að sýna stefnumótandi afstöðu á 1. áratug þessarar aldar, í samningaviðræðum um orkusáttmálann (ECT), jafnvel á meðan þessi afstaða var sett fram og kynnt sem frjálslynt markaðslíkan[Siddi and Kustova 2021].
- Sambandið tók að einangra viðmið sín frá mikilvægum þáttum marghliða, alþjóðlegrar loftslags- og orkustjórnunar (CEG) sem litið var á sem takmarkandi fyrir Sambandið við að ná markmiðum sínum.

Nokkur einkenni á orkustefnu ESB framh.

- Sambandið flutti einnig markaðslíkan sitt og lagalegt regluverk út til nágrannaríkja, með því að koma á „ESB passar fyrir alla“ nálgun þar sem það skilgreindi viðmið einhliða[Siddi and Kustova 2021].
- Kreppan á 2. áratug þessarar aldar flýtti fyrir breytingum Sambandsins yfir í fullmótaða stefnumótandi afstöðu í ytri orkustefnu sinni[Siddi and Kustova 2021].
- Vaxandi áhersla á loftslagsáætlun stuðlaði einnig að breytingum Sambandsins yfir í stefnumótandi nálgun[Siddi and Kustova 2021].
- Aðferðir til verndar fjárfestingum, eins og þær sem kveðið er á um í ECT (Energy Charter Treaty) og tvíhliða fjárfestingarsamningum, eru í auknum mæli taldar vernda fjárfestingar í jarðefnaeldsneytisiðnaðinum og þannig vera þáttur sem takmarkar stjórnunargetu ESB í loftslagsstefnunni[Siddi and Kustova 2021].

Staða orkumálanna innan ESB

- Kreppan: Orkukerfi Evrópu stendur frammi fyrir mikilli kreppu þar sem birgðir af rússnesku gasi, sem eru mikilvægar fyrir hitun, iðnaðarferla og orkuframleiðslu, skertust um meira en 80 prósent árið 2022. Þetta hefur leitt til hækkunar heildsöluverðs gass og raforku, sem aftur hefur áhrif á heimili og fyrirtæki[Zettelmeyer et al. 2022].
- Orsök: Aðalorsök hinnar miklu hækkunar, undanfarið, á gasverði í Evrópu er minnkað framboð á rússnesku gasi. Fljótandi jarðgas (LNG) er fyrsti kosturinn í staðinn, en kostnaður þess hefur meira en tvöfaldast síðan Rússar réðust inn í Úkraínu. [Zettelmeyer et al. 2022]. Markaðsvæðing orkumálanna í Evrópu á enn fremur stóran þátt í vandanum. Markaðsvætt orkukerfi, samkvæmt orkupökkum ESB, leiðir að sjálf-sögðu til hærra verðs, m.a. vegna þess að eftirspurn er viðvarandi meiri en framboð. Það er raunar viðurkennt innan ESB að markaðsvæðing orkumálanna leiði ekki endilega til lægra verðs fyrir neytendur!

Staða orkumálanna innan ESB framh.

- Samkvæmt skýrslu frá Natixis CIB Research orkusérfræðingunum Joel Hancock og Ivan Pavlovic, má rekja hækkun á heildsöluorkuverði í Evrópu, frá ársbyrjun 2022, til blöndu af skammtíma- og skipulagslegum vandamálum sem evrópsk orkumál standa frammi fyrir.
- Viðvarandi spenna á gasmörkuðum um alla Evrópu: Framboð og verð á gasi eru stórir þættir í verðlagningu raforku, þar sem gas er lykileldsneyti til orkuframleiðslu.
- Minni varaforði: Það gæti stafað af ýmsum þáttum, þar á meðal viðhaldi, bilunum eða stefnumótandi ákvörðunum.
- Helstu kjarnorkuafföll í Frakklandi: Kjarnorka er mikilvægur raforkugjafi í Frakklandi, svo hvers kyns stöðvun getur haft mikil áhrif á orkumarkaðinn.

Staða orkumálanna innan ESB framh.

- Minna framboð á vatnsafl: Vatnsafl er annar mikilvægur afgangi til raforkuframleiðslu [það vita flestir Íslendingar]. Þættir eins og þurrkar geta dregið úr aðgengi að honum.
- Í skýrslunni er gert ráð fyrir því að gasverð haldist hátt allan veturinn [2022-2023], sem viðhaldi háu raforkuverði í heildsölu á næstu mánuðum, líklega yfir 300 evrur/MWst.
- Þá eru í skýrslunni greindar keðjuverkanir á evrópskum raforkumörkuðum af völdum hækkandi raforkuverðs í heildsölu: rætt um inngríp stjórnvalda í starfsemi smásölu- eða heildsölumarkaða til að vernda neytendur, aukinn fjárhagslegan þrýsting á nokkrar leiðandi veitur, hækkandi framlegð á skipulögðum mörkuðum sem aftur hefur áhrif á lausafé sumra veitna o.s.frv.[Hancock and Pavlovic].

Nýlegur dómur Hæstaréttar Noregs segir enga sögu um það að orkupakki þrjú sé skaðlaus. Þvert á móti vekur dómurinn upp miklu fleiri spurningar en hann þó reynir að svara. Markaðsvæðingin nær í vaxandi mæli til dómstólanna sjálfra. Dómarar eru mjög hikandi við það að senda öðrum þáttum ríkisvaldsins skýr skilaboð. Norðmenn sem skrifað hafa athugasemdir við fréttir um orkumál þar í landi benda einnig á það hvernig norskir dómarar eru skipaðir. Viðfangsefnið hér er ekki það hvort menn eru sammála eða ósammála einstökum dómum heldur snýr að hlutleysi dómstólanna og trúverðugleika almennt. Gjáin á milli dómstóla og almennings fer bæði dýpkandi og breikkandi. Hagsmunir almennings eru fyrir borð bornir en hagsmunir peningavaldsins látnir ráða ferðinni. Dómarar eru með öðrum orðum víða markaðsvæddir og lúta „markaðslögmálum“. Rökrétt framhald af því væri það að einkavæða dómstólana og bjóða síðan fólki að kaupa dóma. Jafnvel mætti bjóða dómana upp á opnum markaði og láta þá hæsta boð ráða verðinu. Sá sem byði best fengi dæmt sér í hag. Réttlætið kostar líka sitt eins og margir þekkja.

Lokaorð framh.

Það væri enn fremur athugandi að koma upp kauphöll með dóma. Sá eða sú sem rekur dómsmál ætti þannig um tvo möguleika að velja. Í fyrsta lagi að kaupa nýjan dóm, t.d. á uppboðsmarkaði hjá dómstólum. Í öðru lagi að kaupa dóm í kauphöll. Það fyrirkomulag byggir á því að bæði sé hægt að kaupa dóma og selja. Skilyrði þess síðarnefnda er það að dómurinn sem keyptur er í kauphöllinni sé efnislega sambærilegur við þau málsatvik sem um ræðir. Þ.e.a.s. dómurinn verður að vera efnislega samhljóða og um sambærileg málsatvik. Sérstakur dómstóll, innan kauphallarinnar, skeri úr um það hvort dómi sem keyptur er í kauphöllinni verði beitt í máli sem um ræðir. Sé enginn viðeigandi dómur til sölu innan kauphallarinnar verður málsaðilinn að greiða fyrir nýjan dóm. Hvor leiðin er valin hlýtur að ráðast af högum hvers og eins. Virki markaðslögmálin í dómskerfinu mun réttlætið sigra með breyttu fyrirkomulagi.

Lokaorð framh.

Það er af og frá að niðurstaða Hæstaréttar Noregs veiki undirstöður málflutnings þeirra sem gagnrýnt hafa orkupakka þrjú. Ef eitthvað er þá sýnir dómurinn enn frekar hversu langt markaðsvæðingin nær; nefnilega upp í dómstólana líka. Öll atriði þeirra sem gagnrýnt hafa orkustefnu ESB og orkupakkana stendur traust eins og blágrýtisklettur. Sumt kemur þó fyrir fram en annað. Þessar óheillabreytingar verða ekki allar á einni nóttu eins og „egls-g-fólkið“ kann að halda. Þá er ekki loku fyrir það skotið að mikil andstaða, bæði í Noregi og á Íslandi, hafi hægt á þessari öfugþróun, miðað við það sem annars væri. Margir stjórnálmenn reiknuðu dæmið skakkt. Ástandið í orkumálum á meginlandi Evrópu sannar mönnum að Ísland á ekkert erindi inn á innri orkumarkað Evrópu. Afleiðingar markaðsvæðingar orkumálanna í Noregi blasa við almenningi þar hvað sem viðkemur skæklagogi markaðsvæðdra dómara við Hæstarétt Noregs, um „lítið“ eða „mikið“ fullveldisafsal. Það er mikið fullveldisafsal að afhenda erlendri stofnun yfirstjórn eigin orkumála. Þar til viðbótar kemur að fólk hefur enga tryggingu fyrir því að evrópskar stofnanir gangi ekki enn lengra.

Lokaorð framh.

Hvenær á að segja stopp? ESB er mjög valdsækið fyrirbæri og seilist æ lengra. Miðstýrt vald er í eðli sínu valdsækið. Braskvæðing raforkunnar, samkvæmt forskrift orkupakkanna, er því miður á fullri ferð á Íslandi. Yfir fólk hellast seljendavænin rafmagnsmælar sem kallast „snjallmælar“ og í undirbúningi er heildsölumarkaður með rafmagn sem Íslendingar eiga sjálfir. Síðan spretta upp „orkumiðlarar“ sem selja fólk í smásölu sitt eigið rafmagn. Stjórnámálamenn sumir [og kauphallarspekingar] eru þegar byrjaðir að orða sölu á Landsvirkjun. „Egls-g-fólkið“ heldur því vafalaust fram að ekkert standi um það í orkupakka þrjú og þess vegna þurfi ekki að ráðast í það. En ætli það gæti verið að fram komi krafa frá einkaaðilum um uppskipti á Landsvirkjun, þar sem erfitt sé að keppa við fyrirtæki í ráðandi stöðu? Auðveldara væri að koma í veg fyrir einkavæðingu og eyðileggingu Landsvirkjunar ef orkupakkarnir væru ekki alltumlykjandi og þrýstu á slíka breytingu, beint og óbeint. Enn og aftur, markaðsvæðing merkir leikvöll **einkaaðila**, fyrst og fremst.

Lokaorð framh.

Hér verður látið staðar numið að sinni. Haldið verður áfram í næstu glærusýningu að reifa dóm Hæstaréttar Noregs frá 31. október síðastliðnum. Eins og mörgum mun þegar ljóst, er í dóminum beitt lagatæknilegum aðferðum til þess að komast að „réttri niðurstöðu“. Mikið fullveldisafsal, alveg sértaklega ef það er skoðað í samhengi við fyrra fullveldisafsal, er þannig gert að „smávægilegu“ fullveldisafsali. Auk þess er notað rangt hugtak, þ.e. „framsal á valdi“, en er í raun **fullveldisafsal**. „Markaðsvæddir“ dómarmar við Hæstarétt Noregs gera sér ljóst að allt sem snertir fullveldi og afsal þess er viðkvæmt mál þar í landi. Því er farin sú leið að nota hugtak sem sem þykir draga úr alvarleika þess sem raunverulega á sér stað. Nauðsynlegt er að afhjúpa það og kalla hlutina sínum réttu nöfnum! Ísland sem fullvalda ríki á ekki að senda fjallkonuna í vændi til Brussel. Það er óhæfa. Góðar stundir!

- Hancock, Joel and Ivan Pavlovic. (23 Sep 2022). "Will the gas-fueled electric chaos in Europe continue?" *Natixis - Natixis CIB*. [Online]. [Sækja grein]
- Ólafur Jóhannesson. (1962). „Stjórnarskráin og þátttaka Íslands í alþjóðastofnunum.“ *Tímarit lögfræðinga*, 1. tbl. [Online]. [Sækja grein]
- Siddi, Marco and Irina Kustova. (23 Apr 2021). "From a liberal to a strategic actor: the evolution of the EU's approach to international energy governance." *Journal of European Public Policy*, pp. 1076-094. [Online]. [Sækja grein]
- Zettelmeyer, Jeromin et al. (December 2022). "Beating the European Energy Crisis." IMF, 1 Dec. 2022. [Online]. [Sækja grein]